



Nokkur börn á Leikskóla Seltjarnarness buðu Ásgerði Halldórsdóttur bæjarstjóra og Baldri Pálssyni fræðslustjóra að slást í för með þeim til að veiða köngulær fyrir skömmu. Hópin skipuðu þau Jenný, Teitur, Carmen, Rósalind, Júlía Karitas, Amelía, Wiktor, Garðar Sigur, Ísadórea Diljá, Þór, Grímur og Stefán.
Sjá nánar á bls. 4.



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Þú getur tengst Netbankanum þínum í gegnum farsímann.



Skannaðu kóðann til að sækja „appið“ frítt í símann.



Þú færð nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is/farsiminn



Hafðu bankann með þér



Íslandsbanki

NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þórður Ingimarsson

UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Deiliskipulag Vestursvæðanna - að mörgu er að hyggja

Nú stendur yfir kynning á tillögum að nýju deiliskipulagi Vestursvæðanna svonefndu á Seltjarnarnesi. Með tillögunum er skipulagssvæðið stækkað nokkuð og nær meðal annars til íbúðabyggð vestan Lindarbrautar, safnasvæðisins við Nesstofu, athafnasvæði og byggingarreits fyrir áhaldahús við Bygggarðasvæðið, lóð fyrir hjúkrunarheimili og golfvöll í Suðurnesi. Eflaust sýnist sitt hverjum um hinar nýju tillögur og gera má ráð fyrir að athugasemdir berist inn í skipulagsferlið.

Hér er um nokkuð viðkvæmt mál að ræða. Á undanförunum árum hefur þeim sjónarmiðum vaxið fiskur um hrygg að þessi hluti Seltjarnarnes eigi að vera ósnertanlegur. Þar eigi ekki að koma mannvirkjum fyrir en nýta svæðið til útivistar – jafnvel þó með takmörkunum. Gera má ráð fyrir að þorri Seltirninga séu andvígur því að taka Suðurnesið til byggðar, hvorki fyrir íbúðabyggð eða atvinnusarfsemi. Öðru máli gegnir um norðursvæðið þar sem um árabíl hafa verið áætlanir um að breyta iðnaðarsvæði í íbúðabyggð. Á milli þeirra er hið svokallaða safnasvæði – á Nesstofutúninu og þar í grennd. Þar er einnig um viðkvæmt svæði að ræða og ekki sér fyrir endann á uppbyggingu þess meðal annars af því að hugmyndir um lækningaminjasafnið virðast hafa dagað uppi – alla vega lagst í dá um hríð.

Þótt fólk hafi ýmsar skoðanir á vesturhluta Seltjarnarness, nýtingu þessara svæða eða nýtingarleysis þeirra ber að gjalda varhug við að um ósnortin víðerni sé að ræða í þröngri skilgreiningu þess hugtaks. Á Seltjarnarnesi var landbúnaðarbyggð um aldir þar sem búfénaður var á beit og bændur öfluðu honum vetrarforða með grasslætti og heypurrkun. Flest svæði Nessins hafa því verið nýtt byggðinni og mannlífinu til framdráttar á sögulegum tíma.

Svæðið á milli Gróttu og Golfvallarins þar sem gamla Seltjörnin var spað svæði er friðað, en spyrja má hvað felist í þeirri friðlýsingu. Að norðan er strandlengjan varin með varnargörðum allt frá Gróttu og inn að Vogum í Reykjavík. Að öðrum kosti væri sjórinn búinn að taka sinn toll af landi. Hætta er á slíkt muni verða á Suðurnesinu og út að Gróttu verði ekkert að gert. Er verið með friðlýsingu að gefa hafinu eftir að taka land af Seltjarnarnesi undir því yfirsíni að náttúran eigi að njóta vafans. Ljóst er að mörgu er að hyggja og margs að gæta við gerð deiliskipulags vestursvæðanna.



Geri við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar

Bíla- og bátarafmagn

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

rafmagn@mi.is

Öldungaráðið á fyrsta fundi



Nýskipað Öldungaráð Seltjarnarnesbæjar kom saman til fyrsta fundar síns 3. mars sl. í sal bæjarstjórnar. Því er ætlað að vera til ráðgjafar um málefni og hagsmuni íbúa bæjarins 67 ára og eldri – og getur beint tillögum til bæjarstjórnar, nefnda og ráða bæjarfélagsins. Verður ráðið vettvangur samráðs og virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins. Gert er ráð fyrir að það komi saman eigi sjaldnar en 4 sinnum á ári, auk opins fundar með bæjarstjórn og hagsmunaaðilum þegar svo ber undir.

Formaður ráðsins er Ólafur Egilsson, kjörinn af bæjarstjórn ásamt Stefáni Bergmann, en einnig sitja í ráðinu þrír fulltrúar Félags eldri borgara á Seltjarnarnesi (FebSel), þau Þóra Einarsdóttir, Birgir Vigfússon og Magnús Oddsson sem er formaður FebSel. Varamenn valdir af bæjarstjórn eru Guðrún Valgerður Haraldsdóttir og Árni Einarsson, en frá félaginu þær Hildur Guðmundsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir auk eins sem tilnefndur verður síðar. Núverandi fulltrúum er ætlað að sitja til loka kjörtímabils bæjarstjórnar.

Unnið að undirbúningi hjúkrunarheimilis

Stofnun Öldungaráðsins sem staðfest var á fundi bæjarstjórnar 10. febrúar sl. á m.a. rætur að rekja til íbúðþings og kemur í framhaldi af stofnun Félags eldri borgara í bænum 12. sept. sl. Á fundi Öldungaráðsins á dögunum lýsti Ásgerður Halldórsdóttir m.a. stöðu hjúkrunarheimilismálsins og sýndi líkan sem gert hefur verið af hinu væntanlega heimili á

Norðurtúni (sjá mynd). Unnið er nú að undirbúningi útboðs og stefnt að framkvæmdum hið fyrsta þ.e. síðar á þessu ári. Einnig gaf Snorri Aðalsteinsson yfirlit yfir þá fjölþætta almennu og sértæku þjónustu sem eldri borgurum stendur til boða í bæjarfélaginu. Fór því næst fram í ráðinu ítarleg umræða um hlutverk þess og hugsanleg næstu verkefni. M.a. var samþykkt að fara vandlega yfir skýrslur sem liggja fyrir um málefni eldri borgara og skoða hvaða aðgerðir sem þar er mælt með gætu enn komið að gagni. Þá mun Öldungaráðið taka við hvers kyns ábendingum frá bæjarbúum. Annast félagsmálastjóri móttöku erinda til ráðsins, en hann ber einnig ábyrgð á framkvæmd ákvarðana þess.

Í bænum búa nú nál. 625 eldri en 67 ára og hefur fjölgað um u.þ.b. eitt hundrað á undanförunum 6 árum. Þetta eru um 12% bæjarbúa, örlítið yfir landsmeðaltali.

Nesbúinn



Vaknar maður þá upp við hanagal!

Um 700 unglingar á Való – Hagó degi

Um 700 unglingar fylltu Hertz Höllina þegar Való – Hagó dagurinn var haldinn hátíðlegur í 8 skiptið 18. febrúar síðastliðinn. Hátíðin sem skipulögð er af nemendaráðum skólanna tveggja í samstarfi við starfsfólk Selsins og Hagaskóla er einn stærsti viðburðurinn í félagslífi Valhýsinga.

Dagurinn samanstendur af íþróttakeppnum í Íþróttamiðstöð Seltjarnarness um daginn þar sem keppt var í þrautabraut, kappáti, körfubolta, handbolta, fótbolta, reiptogi og dansi. Um kvöldið fór svo fram ræðukeppni og ball í Hagaskóla. Dagurinn var hinn glæsilegasti í ár en

þrátt fyrir harða keppni Valhýsinga rétt mörðu Hagskjælingar sigur í ræðukeppninni sem skilaði Hagaskóla titlinum Való – Hagó meistara 2016.



SUMARSTÖRF HJÁ SELTJARNARNESBÆ 2016

Seltjarnarnesbær vill ráða ungt fólk til sumarstarfa 18 ára og eldri (fædd 1998 og eldri). Um er að ræða almenn garðyrkjustörf, verkamannastörf, skapandi sumarstörf og ýmis afleysingastörf. Einnig er auglýst eftir ungmennum 20 ára og eldri (1996 og eldri) í störf flokkstjóra og leiðbeinenda. Skilyrði fyrir ráðningu er að eiga lögheimili á Seltjarnarnesi. Opnað verður fyrir umsóknir um störf 10. mars. Sjá nánar á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar.

Umsóknarfrestur er til 29. mars 2016

VINNUSKÓLI 8. – 10. BEKKUR OG 17 ÁRA F. 1999

Vinnutími Vinnuskóla verða 7 stundir á dag, 4 daga vikunnar fyrir umsækjendur sem fæddir eru 1999 og 2000.

Vinnutími verður 3,5 stundir á dag, 4 daga vikunnar fyrir umsækjendur sem fæddir eru 2001 og 2002. Ekki er unnið á föstudögum. Vinnutímabil Vinnuskólans er frá 9. júní til 21. júlí.

Umsóknarfrestur er til 2. maí 2016

Vinnuskólinn verður settur 8. júní kl. 11:00 í Valhúsaskóla

Sótt er um störfina á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar, www.seltjarnarnes.is, - Störf í boði. Nánari upplýsingar eru veittar á heimasíðu og í þjónustuveri Seltjarnarnesbæjar í síma 5959 100.

Sendinefnd frá Brussel skoðar hitaveituna



Sendinefndin ásamt starfsfólki Seltjarnarnesbæjar.

Sendinefnd frá Brussel sem kom til landsins á vegum utanríkisráðuneytisins heimsótti Seltjarnarnesbæ á dögnum og tók. Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri á móti henni.

Erindi nefndarinnar var að skoða hitaveitu Seltjarnarnesbæjar og fræðast um uppbyggingu hennar og starfsemi. Nefndin kom hingað til lands í tengslum við aðkomu

Íslands að Uppbyggingarsjóði EES þar sem Íslendingar styrkja jarðhitaveitur í Rúmeníu og Ungverjalandi. Í hópnum voru m.a. Stefán Lárus Stefánsson og Unnur Orradóttir Ramette sendiherrar, Þóra Magnúsdóttir, sem situr í stjórn sjóðsins fyrir hönd Íslands, auk starfsmanna Orkustofnunar og starfsmanna Seltjarnarnesbæjar.

Gera þarf við bílaplanið á Eiðistorgi

Malbikið á bílastæðinu á Eiðistorgi er mjög illa farið eftir miklar umhleyplingar í veðri undanfarin ár.

Kominn er tími á að laga malbikið og er betra að gera það með góðu efnum því sparnaður í fjárfestingum er oft mjög dýr. Starfsmenn Seltjarnarnesbæjar hafa að undanfögnu unnið að því að lagfæra verstu skemmdirnar á torginu en spurning er um á hvers forræði þetta viðhaldsverkefni er – bæjarfélagsins eða eigenda fasteigna við torgið. Það breytir þó engu um nauðsyn þess að ráðast í framkvæmdir hið fyrsta.



Meðfylgjandi mynd er frá þessari skemmtilegu og ævintýraríku ferð.

Leikskólabörn á köngulóaveiðum

Nokkur börn á Leikskóla Seltjarnarness buðu Ásgerði Halldórsdóttur bæjarstjóra og Baldri Pálssyni fræðslustjóra að slást í för með þeim til að veiða köngulær fyrir skómmu. Hópin skipuðu þau Jenný, Teitur, Carmen, Rósalind, Júlía Karitas, Amelía, Wiktor, Garðar Sigur, Ísadóla Diljá, Þór, Grímur og Stefán.

Veðrið skartaði sínu fegursta og á leiðinni að „Tröllasteininum“ eða útilistaverkinu Amlóða sýndi Ásgerður hópnum stein sem búið er að höggva andlit í. Spennan náði hámarki þegar börnin fengu í hendur veiðistangir til að veiða köngulær sem búið var að koma fyrir hingað og þangað um holtið. Áður en hinn glaði og líflegi hópur hélt af stað til baka fékk hann sér orkunammi sem samanstóð af seríós og rúsinum.

Hænsnahald leyft á Nesinu

Hænsnahald er nú leyft á Seltjarnarnesi. Bæjarstjórn Seltjarnarness samþykkti á síðasta bæjarstjórnarfundinum að Seltirningum leyfðist nú að halda hænur við hýbýli sín.

Hænsnahald hefur verið að færast í vöxt í þéttbýli að undanfögnu. Fólk finnst gaman að hafa hænur í garðinum hjá sér auk þess sem þær eru um margt umhverfisvænar. Hænur nærast meðal annars á matarúrgangi og getur tilvist þeirra því dregið úr sorpi. Þær umbreyta einnig fæðu sinni og þar á meðal matarúrganginum í egg sem getur verið nokkur búbot fyrir heimilishaldið.



KOMDU MEÐ BÍLINN Í FRÍA TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málningarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.

- **Tjónaskoðun**
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.
- **Framrúðuskipti**
Skiptum um framrúður og önnurnst annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerheirnsun á bil.
- **Mössun / snyrting á lakki**
Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkmössun og blettanir.
- **Dekkþjónusta**
Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílnum á meðan hann er í viðgerð.
- **Rétting og málning**
Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst trústu kröfur.
- **Bílaþvottur / djúphreinsun**
Bjóðum við upp á almennan bílaþvott, djúphreinsun, bön ofl. Frír þvottur fylgir öllum viðgerðum.
- **Innréttingar / áklæði**
Tökum að okkur viðgerðir á sætum, innréttingum ofl.
- **Smáviðgerðir**
Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.





Óskum eftir:

Einbýlishús á sjávarlóð óskast

Höfum verið beðin að útvega viðskiptavini okkar 300-500 fm einbýlishús á sjávarlóð á Seltjarnarnesi. Sterkar greiðslur eru í boði fyrir rétta eign. Nánari upplýsingar veitir Sverrir Kristinsson fasteignasali.

Einbýlishús óskast

Höfum verið beðin að útvega viðskiptavini okkar 200-300 fm einbýlishús á Seltjarnarnesi. Nánari upplýsingar veitir Kjartan Hallgeirsson fasteignasali.

Raðhús óskast

Höfum verið beðin að útvega viðskiptavini okkar 200-350 fm raðhús á Seltjarnarnesi. Nánari upplýsingar veitir Magnea S. Sverrisdóttir fasteignasali.

Sérhæð óskast

Höfum verið beðin að útvega viðskiptavini okkar 120-200 fm sérhæð á Seltjarnarnesi. Nánari upplýsingar veitir Magnea S. Sverrisdóttir fasteignasali.

Hrólfsskálamelur – glæsileg ný íbúð

Höfum fengið til sölu glæsilega nýja 4ra herbergja 158 fm íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi við Hrólfsskálamel. Íbúðin afhendist fullbúin með gólfefnum. Íbúðin skiptist m.a. í stofu, eldhús/borðstofu, þrjú herbergi, tvö baðherbergi og forstofu. Mikil lofthæð er í íbúðinni. Stórar svalir útaf stofu. Sér geymsla fylgir í kjallara. Bílastæði í bílageymslu fylgir.

Nánari upplýsingar veitir Magnea S. Sverrisdóttir, fasteignasali í síma 861 8511 / magnea@eignamidlun.is



Aðildarfélag Pírata stofnað á Seltjarnarnesi

Aðildarfélagið Píratar á Seltjarnarnesi var formlega stofnað þann 17. febrúar síðastliðinn. Vel mætt var á fundinn; um 15 manns voru viðstaddir og greiðlega gekk að skipa í stjórn félagsins.

Sara Þórðardóttir Oskarsson var kjörinn formaður félagsins, Grímur Friðgeirsson var kjörinn varafor-

maður og aðalmenn í stjórninni eru þau: Eiríkur Stephensen, Maren Finnsdóttir og Ragnar Jónsson. Varamenn eru: Kristbjörg Ólafsdóttir, Óskar Ingólfsson, Sigurður Einar Guðmundsson. Jafnframt hefur Eiríkur Stephensen verið kjörinn ritari félagsins og Maren Finnsdóttir gjaldkeri. Skoðunarmenn reikninga

eru þau Halldóra Björnsdóttir og Haraldur Þór Guðmundsson.

Nokkrum dögum eftir stofnfund Pírata var svo stofnað aðildarfélag Kragans, eða Píratar í Suðvesturkjördæmi og eru Píratar á Seltjarnarnesi innan þess félags. Framundan er mikil og skemmtileg vinna. Nú þegar að skoðanakannanir eru hliðhollar Pírötum, sú nýjast sýndi fram á 35.9% fylgi Pírata, virðast vera

spennandi tímar framundan og bjóðum við alla sem áhuga hafa á starfi Pírata á Seltjarnarnesi velkomna í hópinn. Fésbókarsíða félagsins er undir: Píratar á Seltjarnarnesi. Hægt er að nálgast allar upplýsingar um stefnumál Pírata á vefsíðunni: www.piratar.is. Einnig er velkomnið að hafa samband í tölvupósti: sara@piratar.is og/eða grimurfridgeirsson@gmail.com eða í síma: 845 7008.



Stjórn Pírata á Seltjarnarnesi.



Frá stofnfundinum á Seltjarnarnesi.



Korið snýr aftur!



MANDUKA eKO fislétt!
Nú vilja margir taka eigin dýnu með til útlanda eða á fjöll. eKO superlite (fislétt) er aðeins 900 gr. Hægt að brjóta saman. Verð: 8900 kr.



FLOTHETTAN
– búðu þig undir gott sumar!
Hafðu með innanlands sem utan og njóttu frísins miklu betur. 3 litir. Verð: 17.700 kr.



MÖNTRU ARMBÖND!
Fyrir fermingar, fullorðna, feður, mæður, dætur, syni, systur og bræður.
Margar gefandi möntrur/pulur/orð. Verð: 6.500/7500 kr.



Lífræn & frönsk
Dr. Bach ilmvötn 6 tegundir.
Þyngri og léttari ilmir sem færa okkur vorið.
Frábær fermingargjöf.



Má bjóða þér drykk?
Viltu skot, þeyting, INDÍGÓ KAFFI, eða venjulegan, te, kakó, eða súpu?

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Fyrir neðan sundlaugina og World Class.
www.facebook.com/Systrasamlagið
Sími: 511 6367


AFGREIÐSLUTÍMI:
Mjúkir mánudagar: 10-16
Þri. - fös.: 8.30 – 18.
Laugardagar: 10-16.

Prestar og Frímínútur verða í Gallerí Gróttu á Hönnunarmars

Prestar og Frímínútur verða á ferð um Gallerí Gróttu nú í mars. Um tvö aðskilin hönnunarverkefni er að ræða, en sýningarnar eru á dagskrá Hönnunarmars og standa til 1. apríl.

Prestar nefnist verkefni Sturlu Más Jónssonar en þar sýnir hann á sér nýja og óvænta hlið og bregður á leik í hönnun hluta sem hann smíðar sjálfur sérstaklega fyrir sýninguna. Um er að ræða hugmyndir hönnuðarins sem hafa lengi legið í skúffu í skissuformi og ekki gefist tími til að sinna fyrir en nú. Hlutirnir eiga samhljóm hvað notkun og form varðar en samt er hver hlutur einstakur og ekki endilega reiknað með að smíði hans verði endurtekin. Prestar Sturlu eru smíðaðir úr uppáhalds efni Sturlu; gegnheilum við og málm.

Frímínútur nefnist verk Þórunnar Árnadóttur en hún hefur þróað áfram vörulínuna sína Sipp og Hoj þar sem hefðbundnu netagerðarhandverki er fléttað saman við þekktu hluti sem gjarnan eru notaðir í leik og frítíma. Á sýningunni getur að líta hengirúm og hengirólur, sem gestir geta prófað sjálfir, auk þess sem fyrri hönnun eins og sippubönd og húllahringir eru líka til sýnis og í boði fyrir gesti að prófa. "Sipp og Hoj" er unnin í samstarfi við Egersund netaverkstæði á Eskifirði, Jónsver saumastofu á Vopnafirði og Þórhall Árnason smíð á Egilsstöðum var upphaflega frumsýnd á Hönnunarmars 2014 í Spark Design Space undir samstarfsverkefninu Austurland: Designs from Nowhere, sem snerist um að rannsaka möguleika til smáframleiðslu á Austurlandi. Verkefnið hlaut Hönnunarverðlaun Íslands árið 2014.



Ólína ráðin skólastjóri Grunnskóla Seltjarnarness

Ólína E. Thoroddsen hefur verið ráðinn skólastjóri Grunnskóla Seltjarnarness frá 1. júní 2016. Ólína er flestum Seltirningum að góðu kunn þar sem hún hefur starfað við skólann sl. 36 ár og þar af sem aðstoðarskólastjóri sl. 9 ár. Auk þess hefur Ólína gegnt stöðu skólastjóra skólans í afleysingum skólaárin 2013-2014 og 2015-2016. Hún á því stóran þátt í uppbyggingu skólastarfs og núverandi stöðu skólans.

Ólína hefur lokið diplómagráðu í stjórnunarfræði menntastofnana frá HÍ - Menntavísindasviði. Sem skólastjóri og í hlutverki aðstoðarskólastjóra skólans hefur Ólína öðlast mjög góða innsýn í skólastarfið, uppbyggingu þess og skipulag. Hún hefur komið að ákvarðanatökum varðandi flesta þætti starfsins og þekkir



Ólína E. Thoroddsen hefur verið ráðinn skólastjóri Grunnskóla Seltjarnarness.

mjög vel til starfshátta. Þá hefur hún ræktað góð tengsl við samstarfsaðila skólans í áraraðir.



Framtíðarreikningur

Við bjóðum góðar
framtíðarhorfur

Á þessum tímamótum, þegar fullorðinsárin nálgast með öllu sínu sjálfstæði og spennandi tækifærum, er tilvalið að ræða hvernig sparnaður og fyrirhyggja í fjármálum geti best lagt grunn að bjartri framtíð. Okkur langar í því sambandi að benda á kosti Framtíðarreiknings Íslandsbanka sem ber hæstu vexti almennra, verðtryggðra innlánsreikninga og er bundinn til 18 ára aldurs.

Kynntu þér málið betur á islandsbanki.is eða í næsta útibúi Íslandsbanka.

Börn á fermingaraldri sem kjósa að ávaxta 30.000 kr. eða meira á Framtíðarreikningi fá 5.000 kr. í mótframlag frá Íslandsbanka inn á reikninginn.*

*Gildir einu sinni fyrir hverja kennitölu þeirra barna sem koma ásamt forráðamönnum í útibú Íslandsbanka fyrir 1. júlí 2016.

Sköpunarþörfin er mikil

Elsa Nielsen er bæjarlistamaður Seltjarnarness í ár og er tuttugasti Seltirningurinn til að hljóta þessa nafnbót. Elsa er þó ekki Seltirningur í húð og hár. Hún er að hluta alin upp austur í bæ og um tíma í Danmörku. Elsa hefur frá blautu barnsbeini fengist við að teikna og mála og segir það hafa legið beint við þegar kom að því að velja námsbraut að fara í Myndlistar- og handíðaskólann. En Elsa er ekki eingöngu myndlistarmaður og hönnuður. Hún hefur einnig spilað badminton frá unga aldri og var um tíma ein af fremstu badmintonkonum landsins og hampaði Íslandsmeistaratitli nokkrum sinnum og keppti fyrir Íslands hönd á Ólympíuleikunum í tvígang. Hún segir að dvölin í Danmörku hafi ýtt undir badmintonáhugann. Badminton er hátt skrifað á meðal Dana og aðstaða til iðkunar þess mjög góð.

Í ýtarlegri umsögn menningar- málamefnadar Seltjarnarness segir meðal annars að Elsa hafi sýnt og sannað með verkum sínum að hún er meðal okkar fremstu hönnuða. Viðfangsefni hennar séu fjölbreytt og hafi hlotið verðskuldaða athygli hvort sem er á sviði grafískrar hönnunar, merkjahönnunar, auglýsingaherferða, málalistar, staf-rænnar myndvinnslu, teikninga, myndskreytinga, frímerkjahönnunar eða bókaútgáfu. Litabók hennar Íslensk litadýr var í einu af efstu sætum á bóksölulista undir lok síðasta árs. Mörg hundruð manns fylgdust einnig af áhuga með dag-bókarfærslum hennar á Instagram og Facebook undir yfirskriftinni „einádag“, þar sem hún skrásetti líf sitt með því að teikna eina mynd á dag allt árið um kring. Elsa útskrifaðist sem grafískur hönnuður frá Listaháskóla Íslands árið 1999. Frá útskrift starfaði hún lengst af sem hönnunarstjóri á auglýsingastofu ENNEMM en frá september 2013 hefur hún rekið sitt eigið hönnunar-fyrirtæki, Nielsen hönnunarstofu.

Var alltaf með blýantinn á lofti

„Það lá beint fyrir að ég færi út á þessa braut. Sem barn var ég alltaf með blýantinn á lofti – að skyssa og teikna. Glósubæknur mínar



Elsa Nielsen hönnuður og myndlistamaður.

voru jafnan litríkar. Hver spássía var notuð til að huga að þessu áhugamáli. Teikniáhugi minn varð til þess að foreldrar mínir sendu mig í Myndlistarskóla Reykjavíkur þar sem ég var frá sex til níu ára aldurs eða þar til að við fluttum til Danmerkur og bjuggum þar í fimm ár. Pabbi fékk starf ytra og mamma nýtti tækifærið, fór í nám og útskrifaðist sem leikskólakennari. Við systkinin kunnum eiginlega enga dönsku þegar við fórum út en vorum fljót að ná henni og áður en langt leið vorum við systkinin farin að tala saman á dönsku heima, foreldrum okkar til lítillar ánægju. Ég man að þegar við komum heim og ég fór í níunda bekk í íslenskum skóla kunni ég ekki einu sinni að fallbeygja þó svo að foreldrar mínir hafi lagt áherslu á íslenska tungu heimavið. En ég var nú fljót að ná íslenskunni aftur.“

Ánetjaðist badmintoninu í Danmörku

„Já - það er rétt ég fékk badmintonáhugann í Danmörku enda er badmintonið ein af þjóðaríþróttum Dana. Ég ánetjaðist badmintoninu Danmerkurárum og æfingum og ástundun tóku sinn tíma. Við bjuggum í Albertslund og þar var mjög góð aðstaða til þess að stunda þessa íþrótt. Ég fór fljótlega að keppa og tók þátt í deildarkeppnum fyrir hönd Albertslund.“

Heimilið skólinn og TBR

Elsa er innt eftir því hvort henni hafi fundist viðbrigði að koma heim. Hún hugsar sig um. „Nei – það voru engin viðbrigði. Ég man þó að við fórum heim með Norrænu og mér fannst ömurlegt að verða viðskila við alla vini mína. En ég hef alltaf verið fljót að aðlagast því sem mér er næst og það gekk ágætlega þegar heim var komið. Við fluttum í Sundahverfið og ég byrjaði í Langholtsskóla haustið eftir. Það var skammt í TBR húsið við Álfheimana og því auðvelt fyrir mig að halda áfram að stunda badmintonið. Þetta var svona þríhyrningur sem lífið snerist um. Heimilið, skólinn og TBR og ég gat labbað þarna á milli rétt eins og ég var vön að gera í Danmörku. Eftir Langholtsskólann fór ég í MS. Það lá beinast við því þá þurfti ég ekki að stækka þríhyrninginn mikið. Auðvitað fór mikill tími í badmintonið. Æfingar og keppnisferðir og ég held að ég hafi aðeins náð tveimur árshátíðum á menntaskólaárunum. Ég hef svo sannarlega þurft að velja og hafna – en sé ekki eftir neinum ákvörðunum.“

Fjölgun í fjölskyldunni

En hvenær lá leið Elsu á Seltjarnarnes. „Það var ekki alveg strax. Ég kom ekki vestur eftir fyrr en að ég stofnaði fjölskyldu og fór að búa sjálf. Þá hafði ég viðdvöl í Vesturbænum – við bjuggum á Ásvallagötunni um tíma. En þegar

þriðja barnið kom í heimin sprakk allt og við urðum að finna okkur rúmbetra húsnæði og leitin að því endaði út á Nesi. Við erum á Skólabrautinni og erum ekki að fara þaðan. Ég segi stundum í gamni að við eigum trúlega eftir að rölta yfir götuna í íbúðir aldraðra þegar við hjónin erum komin á besta aldur.“

Ég hef mikla þörf fyrir að skapa

En sá Elsa aldrei neitt fyrir sér annað en myndlistina fyrir utan badmintonið. „Jú ég horfði aðeins í aðra átt en það var ekki lengi. Ég fékk þá flugu í höfuðið í miðjum stúdentsprófum að læra iðjuþjálfun. Ég og vinkona mín vorum búnar að senda öll gögn til Danmerkur og á leiðinni að sækja um styrk þegar mamma kom að máli við mig og stakk upp á að ég myndi einnig sækja um í Listaháskólanum. Ég komst í inntökupróf og síðan fékk ég inngöngu. Stundum getur verið gott að hlusta á mömmu sína. Vinkona mín fór hins vegar til Danmerkur í iðjuþjálfun og hún býr enn í Danmörku. Það er eins víst að ég hefði sest þar að hefði ég farið með henni en ég snéri mér að hönnuninni og myndlistinni í staðinn. Fór í grafíska hönnun í Listaháskóla Íslands. Auðvitað heillaði sá heimur mig meira. Ég lærði einnig fatasum í menntaskóla og notfærði mér þá kunnáttu og saumaði t.d. brúðarkjólinn minn sjálf. Kannski er það hluti af sköpunarþörfinni. Mér finnst ég alltaf þurfa að vera að búa eitthvað til.“

Kennileiti sett í ævintýrlegan búning

Í umsögn Seltjarnarnesbæjar vegna tilnefningar Elsu til bæjarlistamanns segir m.a. að á námsárunum hafi hún farið að sýna verk sín og eigi nú að baki fjölda sam- og einkasýninga á sviði málalistar. Á tveimur einkasýningum sínum í Gallerí Gróttu og Mokka-Kaffi sýndi hún ljósmyndir unnar með stafrænni tækni. „Þar vann ég með mörg helstu kennileiti Seltjarnarness og Reykjavíkurborgar og setti í nýjan og ævintýrlegan búning sem vakði hafa athygli. Ég hef einnig unnið við að mála uppstækkaðan grafískan



Elsa ásamt fjölskyldu sinni á góðri stund.

myndflöt á striga með akrýllitum.“ Í umsögninni kemur einnig fram að Elsa skapi verkum sínum dýpt með því að byggja flötinn upp með sparsli og sandi. Þó að málverk Elsu standi sjálfstæð sýna þau glöggst hvernig henni tekst að færa margra ára reynslu og kunnáttu með grafíska miðlun yfir á annað stig. „Þetta blandast saman hjá mér, tölvuvinna og handavinna, einkum í myndlistinni en nánast öll auglýsingagerð fer nú fram á tölvuformi. Ég náði þó aðeins í endann á handavinnunni. Ég lærði að klippa, líma og ljósrita í tímum hjá Gísla B. Björnssyni. Mér finnst því að ég hafi ákveðinn grunn frá þeim tíma til þess að byggja á.“ Elsa segist hafa starfað við grafíska hönnun alla tíð síðan, ásamt myndlistinni. „Ég vann um árabíl á auglýsingastofunni ENNEMM en stofnaði mitt eigið hönnunarstúdíó árið 2013. Núna starfa ég þar á

daginn en er einnig með aðstöðu heima fyrir til þess að mála og vinna að fleiri verkefnum – er með opið rými þar sem eru bæði trönur og tvær saumavélar.“

Nýti kvöldin vel

„Já – ég er að mestu hætt í badmintoninu. Gríp þó í það öðru hvoru og spila með gamla genginu mínu tvisvar í viku. Við fórum saman á Heimsmeistaramót 35 ára og eldri í fyrra og ég nældi mér í brons í einliðaleik í mínum flokki. Þetta hverfur aldrei úr blóðinu. Eftir að ég hætti að stunda badminton að staðaldrí eða sem keppnisþrótt hafði ég allt í einu mikinn tíma til aflögu á kvöldin. Og þá tók myndlistin við! Nú nýti ég vinnuáðstöðu heima fyrir eins vel og ég get. Stundum þarf ég að hemja hugann því hugmyndirnar eru svo margar og tíminn svo lítill.“



Elsa á French Open 1991 (17 ára).

Sýnileg á HönnunarMars

HönnunarMars stendur núna yfir, frá 9. – 13. mars, og verða verk Elsu sýnd víða. Sjálf verður hún ásamt kunnugum hönnuðum í Epal þar sem hún sýnir hönnun út frá litlu 365 trélitamyndunum hennar sem hún teiknaði í fyrra, #einádag. Elsa er einnig með hópnum sínum, Tákn og teikn, með sýningu á Mokkakaffi sem nefnist Leturverk. Hún fékk tvær tilnefningar til FÍT (Félag íslenskra teiknara) verðlaunanna á dögnum og eru verðlaunaverkin sýnd í Sjávarklasnum, Grandagarði. Það er því mikið að gera hjá Bæjarlistamanni Seltjarnarness 2106 þessa dagana.

Eins og ein stór þjónustumiðstöð

Og þér finnst gott að vera á Seltjarnarnesi. „Það er alveg frábært. Svo stutt í alla þjónustu og náttúrufegurðin hér er dásamleg. Þetta er næstum eins og gamli þríhyrningurinn minn úr Sundunum. Eins og ein stór barnvæn þjónustumiðstöð. Krakkarnir hafa þó ekki farið í badmintonið eins og mamma þeirra. Strákurinn þó aðeins og skipti yfir í fótboltann þegar við



Elsa á Ólympíuleikunum í Atlanta 1996 (22 ára).

fluttum á Nesið. Eldri stelpan fór bæði í fót- og handbolta og sú yngsta er byrjuð í handboltanum. Það er því ekkert óeðlilegt að ég hafi sótt mér innblástur í helstu kennileiti Seltjarnarness í sumum af verkum mínum – þessa einstaka búsvæði náttúru og mannlífs.“

FERSKUR FISKUR
DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA
VERIÐ VELKOMIN

Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opið virka daga kl. 10 - 18:30



Starfið framundan í Seltjarnarneskirkju

13. mars

Fræðslumorgunn kl. 10.
Myndlistarmaður segir frá verkum
sínun í máli og myndum.
Leifur Breiðfjörð.
Messa og sunnudagaskóli kl. 11.
Kaffiveitingar



16. mars

Kyrrðarstund kl. 12.

18. mars

Bænastund kl. 9.30 árdegis.

20. mars – pálmarsunnudagur

Á slóðum íslenskra mormóna í
Júta.
Halldór Árnason, formaður
Þjóðræknisfélags Íslendinga.
Guðsþjónusta og sunnudagaskóli
kl. 11. Kaffiveitingar.

21. mars

Páskaeggjábíngó í
safnaðarheimilinu kl. 19.30

23. mars

Kyrrðarstund kl. 12

24. mars – skírdagur

Útvarpsguðsþjónusta kl. 11 í
umsjá samstarfsnefndar kristinna
trúfélaga.
Altarisganga á skírdagskvöldi kl. 20.

25. mars – föstudagurinn langi

Lestur Passíusálmannna kl. 13-18.

27. mars – páskadagur

Hátíðarguðsþjónusta kl. 8 árdegis.
Heitt súkkulaði með rjóma ásamt
öðrum
veitingum.

30. mars

Kyrrðarstund kl. 12

1. apríl

Bænastund kl. 8.30.

3. apríl

Guðsþjónusta og sunnudagaskóli
kl. 11
Fermingarmessa kl. 13.

6. apríl

Kyrrðarstund kl. 12.

8. apríl

Bænastund kl. 8.30 árdegis.

10. apríl

Guðsþjónusta og sunnudagaskóli
kl. 11.
Fermingarmessa kl. 13.

Börn sem fermast í Seltjarnarneskirkju vorið 2016

Seltjarnarneskirkja

3. apríl kl. 13.

Prestur: sr. Bjarni Þór Bjarnason.

Anna Linda Pálsdóttir,
Skólabraut 16, 170 Seltjarnarnesi.

Arnþór Páll Hafsteinsson,
Melabraut 6, 170 Seltjarnarnesi.

Benedikt Thor Thors,
Tjarnarmýri 31, 170 Seltjarnarnesi.

Bjarki Daníel Þórarinnsson,
Eiðismýri 24, 170 Seltjarnarnesi.

Davíð Orrri Davíðsson,
Sævangörðum 20, 170 Seltjarnarnesi

Ívar Arnarsson,
Nesbali 70, 170 Seltjarnarnesi.

Jóhann Egill Jóhannsson,
Miðbraut 24, 170 Seltjarnarnesi.

Karla Anita Kristjánsdóttir,
Kirkjubraut 7, 170 Seltjarnarnesi.

Killian G. E. Briansson,
Unnarbraut 20, 170 Seltjarnarnesi.

Margrét Þorbjörg Elísabet Einarsdóttir,
Selbraut 38, 170 Seltjarnarnesi.

Ólafur Marel Árnason,
Fornuströnd 6, 170 Seltjarnarnesi.

Seltjarnarneskirkja

10. apríl kl. 13.

Prestur: sr. Bjarni Þór Bjarnason.

Anja Ísis Brown
Lambastaðabraut 1, 170 Seltjarnarnesi.

Ásta Kristinsdóttir,
Tjarnarstíg 24, 170 Seltjarnarnesi.

Daði Steinn Sölvason,
Tjarnarstíg 4, 170 Seltjarnarnesi.

Einar Tindur Helgason,
Melabraut 27, 170 Seltjarnarnesi.

Emilía Mist Reynisdóttir,
Austurströnd 14, 170 Seltjarnarnesi.

Guðbjörg Lív Margrétardóttir
Unnarbraut 10, 170 Seltjarnarnesi

Helga Ísold Sveinbjarnardóttir,
Nesvegi 125, 170 Seltjarnarnesi.

Ingibjörg Hjaltadóttir,
Vikurströnd 1, 170 Seltjarnarnesi.

Isabella Hess,
Tjarnarbóli 2, 170 Seltjarnarnesi.

Kári Kvaran,
Tjarnarmýri 18, 170 Seltjarnarnesi.

Lára Ívarsdóttir,
Selbraut 42, 170 Seltjarnarnesi.

María Von Friðriksdóttir,
Hringbraut 119, 107 Reykjavík.

Óskar Steinn Birgisson,
Bollagörðum 109,
170 Seltjarnarnesi.

Ragnheiður Helga Egilsdóttir,
Selbraut 84, 170 Seltjarnarnesi.

Sigurður Gíslason,
Eskivöllum 5, 221 Hafnarfirði.

Sindri Freyr Jóhannsson,
Eiðismýri 15, 170 Seltjarnarnesi.

Sjöfn Ísabel Atladóttir,
Bakkavör 9, 170 Seltjarnarnesi.

Sunna Kristín Björnsdóttir,
Miðbraut 21, 170 Seltjarnarnesi.

Seltjarnarneskirkja

Sumardagurinn fyrsti 21. apríl kl. 11.

Prestur: sr. Bjarni Þór Bjarnason.

Ari Pétur Eiríksson,
Eiðismýri 13, 170 Seltjarnarnesi.

Baldur Sigurðsson,
Vallarbraut 1, 170 Seltjarnarnesi.

Bergur Orri Magnússon,
Vesturströnd 16, 170 Seltjarnarnesi.

Bjarki Heiðarsson,
Sæbraut 11, 170 Seltjarnarnesi.

Gilbert Sigurðsson,
Melabraut 10, 170 Seltjarnarnesi.

Erna María Styrmisdóttir,
Bakkavör 26, 170 Seltjarnarnesi.

Gunnlaugur Eiður Björgvinsson,
Bollagörðum 99, 170 Seltjarnarnesi.

Gunnar Hrafn Pálsson,
Suðurmýri 46b, 170 Seltjarnarnesi.

Hulda Nina Brynjarsdóttir,
Lindarbraut 21, 170 Seltjarnarnesi.

Katrín Helga Sigurbergisdóttir,
Melabraut 6, 170 Seltjarnarnesi.

Ragnar Rutharson Ragnarsson,
Nesbala 68, 170 Seltjarnarnesi.

Ægir Ranjan Hreinsson,
Nesbala 29, 170 Seltjarnarnesi.



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

**Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!**

**www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070**



f Finndu okkur á
Facebook

MIKLABORG

hefur verið falið að leita fyrir ákveðinn
kaupanda á rað-, par eða einbýlishúsi með
5 svefnherbergjum á Seltjarnarnesi.



Nánari upplýsingar veitir
Ólafur Finnbogason
löggtitur fasteignasali
sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN **569 7000** Lág múla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggtitur fasteignasalar

- með þér alla leið -

Passíusálmarnir lesnir í Seltjarnarneskirkju á föstudaginn langa 25. mars

... Fyrst prentaðir fyrir 350 árum á Hólum

Að venju verða allir Passíusálmur séra Hallgríms Péturssonar lesnir upp í Seltjarnarneskirkju á föstudaginn langa, 25. mars 2016 síðdegis, frá kl. 13 og lýkur um kl. 18. Fögur tónlist verður flutt í hléum á milli lestra.

Allir eru velkomnir í kirkjuna til að njóta lestursins og tónlistarinnar á þessum merka degi kirkjuársins. Fólk getur staldrað við lengur eða skemur eftir því sem hverjum hentar. Kaffiveitingar verða í safnaðarheimili kirkjunnar.

Passíusálmarnir eru einstæður snilldarkveðskapur hins stórmerka prests sr. Hallgríms Péturssonar (1614 til 1674), sem Hallgrímskirkja á Skólavörðuhæð ber nafn af. Í sálmunum sem eru 50 talsins, hver þeirra mörg erindi, rekur sr. Hallgrímur píslargöngu Krists, hugleiðir hana og dregur lærdóma af. Sálmarnir hafa öldum saman verið í miklu uppáhaldi hjá þjóðinni og margar kynslóðir lært suma þeirra utanbókar. Meðal þeirra sem oft eru sungnir við messur og margir kunna eru Son Guðs ertu með sanni og Víst ertu, Jesús, kóngur klár.

Á þessu ári eru 350 ár frá frumútgáfu Passíusálmanna árið 1666 á Hólum. Ekkert rit hefur verið prentað jafnóft á íslensku. Fyrir síðustu aldamót voru prentanirnar orðnar 80, auk þýðinga og útgáfa á fjölda annarra tungumála. Um 20 Seltirningar á ýmsum aldri verða í lesarahópnum. Sóknarnefnd og Listvinafélag Seltjarnarneskirkju (LVS) standa fyrir flutningi Passíusálmanna nú eins og mörg undanfarin ár og er þess vænst að sem flestir komi.

Leikskólabörn í heimsókn í Grunnskólann



Leikskólabörn á Seltjarnarnesi sem komin eru á sjötta ár og eru því væntanlegir fyrstu bekkingar komu í heimsókn í Grunnskólann á dögunum. Fyrsti viðkomustaður var tónmenntin er þar voru 4. bekkingar að æfa fyrir sýningu. Næst hittu þeir skólustjóran og komu svo við í nokkrum bekkjum til að skoða starfið og hitta systkini og vini.

Gefðu sparnað í fermingargjöf

Gjafakort Landsbankans er góð leið til að gefa sparnað í fermingargjöf. Ef fermingarbarnið leggur 30.000 krónur eða meira í sparnað hjá Landsbankanum greiðir bankinn 6.000 króna mótframlag. Þannig getur gjafakortið lagt grunn að góðum fjárhag.

Kortið kemur í fallegum gjafaumbúðum og fæst í útibúum Landsbankans. Kynntu þér sparnaðarleiðir fyrir fermingarbarnið á klassi.is.



„Við erum oft dýrari en við höldum“

- Krökkum kennt að skipuleggja fjármálin



„Nemendur eru mjög áhugasamir og hafa gaman af að leysa verkefni og spá mikið í hvað hlutirnir kosta“ segir Anna Sigríður Guðnadóttir starfsmaður í útibúi Íslandsbanka á Granda. Anna Sigríður er einn af fjölmörgum starfsmönnum íslenskra fjármálafyrirtækja sem hafa heimsótt grunnskóla víðsvegar um land undanfarið ár og kynnt verkefnið Fjármálavít sem er námsefni um fjármál fyrir nemendur í 8 til 10. bekk og Samtök fjármálafyrirtækja hafa þróað til þess að efla fjármálalæsi ungmenna.

Anna Sigríður fór ásamt starfsmönnum úr Arion banka og Landsbankans í heimsókn í Valhúsaskóla í lok janúar og hitti nemendur í 10. bekk með fræðslu um fjármál. Rætt var við krakkana um mikilvægi fyrirhyggju í fjármálum og unnu með þeim verkefni sem tengjast Fjármálaviti en þau miða að því að fá krakkana til þess að hugsa um markmiðasetningu og hvað sparnaður skiptir miklu máli til þess að láta draumana rætast. Aðspurð eftir heimsóknina segir Anna Sigríður að nemendur séu

fljótir að átta sig á því að það er mun skynsamlegra að safna fyrir því sem maður vill eignast frekar en að taka lán fyrir því.

Fjármálavít – hvernig gott er að skipuleggja fjármálin

Kristín Lúðvíksdóttir er verkefnisstjóri Fjármálavíts. Hún segir að í heimsóknum í vetur hafi verið reynt við að fá nemendur til að hugsa um hvernig gott er að skipuleggja fjármálin og setja sér markmið, en það sé aldeilis ekki of snemmt að byrja á því þegar ungmenni eru 16 ára og á allt lífið framundan. „Það eru ekki síst kennarar og foreldrar sem eru þakklátir fyrir að krakkarnir fái fræðslu um peninga. Margir segja að þeim hefði nú sjálfum ekki veitt af slíkri kennslu á unglingarárunum. Foreldrarirnir eru mjög jákvæðir.“ Fjármálavít er þróunarverkefni með þann tilgang að kennarar og aðrir áhugasamir geti haft auðveldan aðgang að fjölbreyttu námsefni um fjármál á vefsíðu Fjármálavíts. Liður í þeirri þróun er gott samstarf við kennaranema í Háskóla Íslands um frekari þróun á kennsluefni.

Heimsóknin er hluti af röð heimsókna í grunnskóla á öllu landinu og frá því Fjármálavít var fyrst kynnt til sögunnar fyrir ári hafa nálægt 4000 nemendur í 10. bekk fengið Fjármálavít í heimsókn og leyst verkefni, en unnið er með hverjum bekk fyrir sig.

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími:

511 1188

borgarblod@simnet.is

UMHVERFISHORNID

Nýtt deiliskipulag Vestursvæða - náttúra og íbúar í sátt?

Það eru forréttindi að búa á Seltjarnarnesi í nálægð við nánast ósnortna náttúru og fjölbreytt fugla- og dýralíf. Seltjarnarnesbær hefur nú auglýst tillögu að nýju deiliskipulag fyrir Vestursvæðin. Æskilegt er að sem flestir kynni sér þær, en frestur til að skila athugasemdum rennur út **23. mars** n.k. Í tillögunni er deiliskipulagssvæðið stækkað og er nú innan þess, m.a. íbúðabyggð vestan Lindarbrautar, safnasvæði við Nesstofu, athafnasvæði og byggingarreitur fyrir áhaldahús við Bygggarðasvæðið, lóð hjúkrunarheimilis og golfvöllur í Suðurnesi, en leitast skal við að styrkja útivistargildi þess, m.a. með breiðum malbikuðum stíg; einnig er Svartibakki skilgreindur sem mikilvægur útsýnisstaður og mælt með að gera steingervinga þar sýnilega. Hlúa skal að fjölbreyttu dýra- og fuglalífi. Gert er ráð fyrir sérstakri aðstöðu til fuglaskoðunar á deiliskipulagssvæðinu með fuglaskoðunarskýli vestan Bakkatjarnar. Þá er lagt til að aðalstígar með ströndinni verði upplýstir með lágrí lýsingu. Ekki hefur náðst full sátt um tillöguna í stjórnkerfi bæjarins og ber þar hæst athafnasvæði og byggingarreit nýs áhaldahúss á Vestursvæðinu.



Afar mikilvægt er við alla skipulagsvinnu að náttúran fái að njóta sín, aðgengi íbúa að útivistarsvæðum sé gott og borin virðing fyrir óspilltri náttúru. Margs konar útivist hefur aukist á Seltjarnarnesi og íbúar eru meðvitaðir um þá sérstöðu og lífsgæði sem náttúra Seltjarnarness býr yfir.

Vestursvæðin eru ýmist á náttúruminjaskrá, friðuð eða eiga að njóta hverfisverndar samkvæmt deiliskipulagi. Suðurnesið ásamt strandlengju svæðisins að Bygggördum er á náttúruminjaskrá, en Gróttu og Bakkatjörn eru friðlýst svæði. Seltjarnarnesbær hefur umsjón með þessum svæðum, skuldbindur sig til að gæta þeirra og upplýsa almenning um varðveislugildi þeirra. Skv. tillögu að nýju deiliskipulagi eiga eftirtalin **hverfisverndarákvæði** að gilda: miðað er að því að vernda sögu-, menningar-, búsetu- og náttúruminjar, -hvorki má raska landslagi né gróðri og framkvæmdir eru háðar framkvæmdaleyfi-, viðhalda skal vistkerfi svæðisins og styrkja ef kostur er, -útivistarmöguleikar og menningarminjar skulu njóta forgangs miðað við hagsmuni annarra landnotkunar. Vandinn er að fá þessi hverfisverndarákvæði tekin alvarlega. Og spyrja má hvort þeim hafi verið beitt á tillögur í hinu nýja deiliskipulagi.

Friðlandið Gróttu er nú undir auknu álagi vegna aukinnar ásóknar fólks. Því er mjög brýnt að meta stöðuna og móta tillögur til úrbóta. Umhverfisnefnd vinnur að hugmyndum um vöktun Gróttu sérstaklega á varptíma 1. maí - 15. júlí og um stýringu umferðar í Gróttu til að verja varplandið ágangi. Í nýju deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir hliðrun heimreiðar í Gróttu um 2-3 m frá bátaskýli og göngustíg umhverfis eyjuna sem ekki virðast samræmast hugmyndum umhverfisnefndar. Kríuvarpið í Snoppu var óvenju gott sl. sumar og í Gróttu óx það nokkuð og voru þar 430 hreiður (JÓH,2015)

Deiliskipulagstillagan er aðgengileg á heimasíðu bæjarins undir skipulagsmál og á bæjarskrifstofunni. **Athugasemdum og ábendingum má skila á netfangið: postur@seltjarnarnes.is eða í bréfi til skipulagsfulltrúa.**

Margrét Pálsdóttir, formaður umhverfisnefndar



**HEITUR MATUR
Í HÁDEGINU
OG Á KVÖLDIN**

**TAKTU MEÐ
eða
BORÐAÐU Á STAÐNUM**

Alvöru matur



GEFÐU ÞÉR GÓÐAN TÍMA Í CHICAGO

Verð frá **39.600*** kr.

Þessi ferð gefur frá 2.100 til 6.300 Vildarpunkta aðra leiðina.



Njóttu hvernar mínútu

Þú þarft ekki að flyta þér með pönnupizzuna eða rjúka á milli búða á Michigan Avenue. Það sem skiptir máli er að njóta tímans. Rölta meðfram Lake Michigan eða kíkja á sýningu í The Goodman Theatre. Spegla þig í Bauninni, Cloud Gate, staldra við og litast um. Eyða heilum degi í The Museum Park. Eiga gæðastundir og safna minningum sem lífa.

+ Bókaðu núna á icelandair.is

[Twitter](#) [Facebook](#) [Instagram](#) [YouTube](#) Vertu með okkur



* Innifalið: Flug aðra leiðina og flugvallarskattar.



Báðir meistaraflokkar Gróttu í Final4



Báðir meistaraflokkar Gróttu höfðu í seinasta mánuði tryggt sér sæti í undanúrslitum bikarkeppni HSÍ árið 2016 helgina 25. - 27. febrúar.

Stelpurnar riðu á vaðið á fimmtudagskvöldinu þar sem þær mættu sterku liði Hauka í undanúrslitum, leikurinn var gífurlega spennandi allt frá fyrstu mínútu og þurfti tvær framlengingar til þess að okkar stelpur næðu að knýja fram sigur 30-29 eftir frábæra frammistöðu Írisar Bjarkar í framlengingunum, og því voru stelpurnar komnar í bikarúrslit á laugardeginum þar sem þær mættu Stjörnunni.

Leikurinn gegn Stjörnunni gekk ekki alveg jafn vel og leikurinn gegn Haukum og endaði leikurinn með fjögurra marka sigri Stjörunnar.

Strákarnir kepptu á föstudagskvöldið á móti Stjörnunni í hörkuleik

sem endaði með glæsilegum þriggja marka sigri, 25-28. Stóðu strákarnir sig allir frábærlega í leiknum.

Úrslitaleikurinn hjá strákunum var svo á móti Val þar sem Gróttustrákarnir byrjuðu vel og leiddu leikinn framanaf fyrri hálfleik en Valsmenn leiddu með tveimur mörkum í hálfleik.

Valsmenn náðu svo að auka í forskot sitt í byrjun seinni hálfleiks en með sterkri baráttu náðu strákarnir að minnka muninn í endann en það var ekki nóg og unnu Valur 23-25.

Þrátt fyrir þessi úrslit þá er þetta frábær árangur hjá Gróttu, eina liðið sem komst með bæði karla og kvennaliðið í úrslitaleikina, með stóran meirihluta leikmanna uppaldna hjá félaginu, og er það eitthvað sem við megum vera stolt af!

Áfram Gróttu



Fjola, Katrín og Sóley

Glæsilegur árangur á Þrepamóti FSÍ

Seinni hluti Þrepamóts FSÍ var haldið helgina 12. til 14. febrúar í íþróttamiðstöðinni Versölum, í umsjón Gerplu. Keppt var í 1., 2., og 3. þrepi íslenska fimleikastigans í fjölþraut og á einstökum áhöldum og átti Gróttu 5 keppendur á mótinu.

Sóley Guðmundsdóttir varð í 3 sæti á stökki og slá í 1. þrepi 13 ára og yngri. Fjola Guðrún Viðarsdóttir varð í 2. sæti í fjölþraut, 3. sæti á stökki og í 1. sæti á tvíslá í 2. þrepi 13 ára og eldri. Katrín Aradóttir varð í 1. sæti í fjölþraut, á tvíslá og slá og í 2. sæti á gólfi í 2. þrepi 12 ára og yngri. Teresa Nukun varð í 4. sæti í fjölþraut og Ásta Hlíf Harðardóttir varð í 9. sæti í 3. þrepi 13 ára og eldri.

Þjálfarar stúlkanna eru þau Svetlana Nazarova og Sergey Bialkov.

www.grottasport.is



GETRAUNANÚMER

GRÓTTU ER
170

Perlur og palliuttur

Kvennakvöld Gróttu

18. mars 2016

Frábær dagskrá!
Veislustjóri er Harpa Frimanns og matur frá Veislunni
Miðasala á kvennakvoldgrottu@gmail.com



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:

Mánud., þriðjud. og Miðvikud.
12:00 til 15:00.

Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30.

Föstudaga
13:00 til 19:00.

Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00.

Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00.

Um málefni fatlaðra

Á Sæbraut á Seltjarnarnesi hefur verið heimili fyrir fatlað fólk frá árinu 1988. Hafa íbúar verið fimm undanfarin 12 ár og auk þess starfsfólk þeim til aðstoðar. Húsið er upphaflega hannað og byggt sem einbýlishús sem ríkissjóður keypti þegar þjónusta við fatlað fólk hófst þar. Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi annaðist þjónustuna fram til loka ársins 2010 að málefni fatlaðs fólks færðust til sveitarfélaganna. Árið 2004 voru gerðar veigamiklar breytingar á húsinu og innréttaðar í því 5 einstaklingsíbúðir auk sameiginlegrar aðstöðu fyrir íbúanna og starfsmannaaðstaða.

Samkvæmt 4. grein laga um málefni fatlaðs fólks þá ber sveitarfélögum undir 8000 íbúum að mynda sameiginlegt þjónustusvæði með öðrum sveitarfélögum. Seltjarnarnes og Reykjavík mynduðu sameiginlegt þjónustusvæði þegar málaflakurinn færðist frá ríki til sveitarfélaganna í ársbyrjun 2011. Í samningi sveitarfélaganna um þjónustusvæðið er Reykjavík leiðandi sveitarfélag og stýrir Velferðarsvið Reykjavíkurborgar þjónustunni að stærstum hluta og ber m.a. ábyrgð á rekstri þjónustu við íbúa á Sæbrautinni.

Sameiginlegur vettvangur sveitarfélaganna er þjónusturáð sameiginlegs þjónustusvæðis Reykjavíkur og Seltjarnarnesbæjar um þjónustu við fatlað fólk sem er skipað bæði fulltrúum Seltjarnarnesbæjar og Reykjavíkur. Það fundar reglulega og fjallar um sameiginleg málefni fatlaðs fólks á svæðinu. Seint í janúar á þessu ári kom fram hjá fulltrúum Reykjavíkur á fundi þjónusturáðsins að Velferðarsvið Reykjavíkur hygðist flytja íbúa á Sæbraut í annað sérhæft húsnæði í Rangárseli. Rökin fyrir þeim flutningi voru að húsnæðið í Rangárseli hentaði betur fyrir íbúana. Kom fram að lögð yrði áhersla á að eiga um þennan flutning

gott samstarf við alla íbúa á heimilinu á Sæbraut og aðstandendur þeirra. Á fundi í febrúar kom fram að íbúar og aðstandendur þeirra hefðu almennt verið jákvæðir gagnvart þessum breytingum og stefnt væri að því að íbúarnir myndu flytja í lok mars eða byrjun apríl.



Snorri Aðalsteinsson.

Seltjarnarnes vinnur með Reykjavík

Í Fréttatímanum þann 4. mars er látið í veðri vaka að viðhaldi hússins á Sæbraut 2 hafi verið ábótavant og húsið sé gamalt hús. Undanfarin ár hefur Seltjarnarnesbær unnið að viðgerðum á húsinu, m.a. hafa útveggir þess verið klæddir til að fyrirbyggja leka. Þá hefur verið gert við rakaskemmdir í húsinu og ýmislegt annað lagfært innanhúss. Sameiginlegt eldhús hefur verið lagfært. Húsið er byggt 1970 og hefur verið mikið endurnýjað og breytt, m.a. þegar því var breytt í fimm einstaklingsíbúðir árið 2004. Þá hefur undanfarin 2 ár verið unnið að viðhaldi þess, bæði utan húss og innan. Varðandi athugasemdir um að Seltjarnarnesbær hafi ekki markað sér stefnu í málaflaknum þá hefur bæjarfélagið tekið þátt í stefnu-mörkun um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks sem Velferðarsvið hefur unnið að. Stefna Seltjarnarnesbæjar í þjónustu við fatlað fólk getur ekki samkvæmt núgildandi samningi við Reykjavík verið önnur en sú sem Velferðarsvið Reykjavíkur markar.

*Snorri Aðalsteinsson,
félagsmálastjóri Seltjarnarness*

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Þórarinn Sveinn Arnarson. Hann flutti á Nesið frá Seattle aðfangadag 2005 og hef búið alsæll þar síðan með fjölskyldunni. Giftur Mörtu Guðrúnu Danielsdóttur og eiga þau fjóra stráka Baldur Örn, Bjarka Daniel, Guðmund Brynjar og Kristín Rúnar sem allir eru í Grunnskóla Seltjarnarness. Nýjasti fjölskyldumeðlimurinn er Kólar sem er 3 mánaða dvergshnauserhvolpur. Þórarinn hefur haft mikla ánægju af því að vera virkur í foreldrarstarfi grunnskólans, Gróttu og er ómetanlegur í starfi Lúðrasveitar Seltjarnarness og er í stjórn Grenndarsvæðisins fyrir aftan blokkina sem þau búa í.

Fullt nafn? Þórarinn Sveinn Arnarson.
Fæðingard. og ár? 2. desember 1972.
Starf? Verkefnisstjóri hjá Orkustofnun.
Farartæki? Strætó, reiðhjól, fjölskyldubíllinn. Fer eftir árstíma. Hjólið á sumrin.)
Helstu kostir? Jákvæður, hjálpsamur, heiðarlegur, nægjusamur, þrautseigur.
Eftirlæti matar? Fólaldasteik af grillinu.
Eftirlæti tónlist? Hress lúðrasveitar-tónlist. Éf úti að hreyfa mig þá er Muse málið.
Eftirlæti íþróttamaður? Aníta Hinriksdóttir.
Skemmtilegasta sjónvarpsefnið? Horfi svakalega lítið á sjónvarpið. Góð bíómynd.
Besta bók sem þú hefur lesið? Neverwhere eftir Neil Gaiman.
Uppáhalds leikari? Morgan Freeman.
Besta kvikmynd sem þú hefur séð? The Abyss.
Hvað gerir þú í fristundum þínum? Spila fótbolta, badminton, er í lúðrasveit,



les bækur, sinni ýmsu sveitabrási, útivist með fjölskyldunni.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Yosemite-þjóðgarðurinn í Kaliforníu.

Hvað metur þú mest í fari annarra? Létt yfirbragð, bros.

Hvern vildir þú helst hitta? Jane Goodall.

Uppáhalds vefsíða? visir.is

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf? Tengdamömmubox undir draslið svo öll fjölskyldan og hvolpurinn komist með í friði.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 5 milljónir í happdrætti? Þjóða fjölskyldunni til Seattle í sumarfríinu.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag? Láta byggja þak yfir æfingasvæðið á Gróttuvellinum.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni? Vera hamingjusamur.

Hvað gerðir þú í sumarfríinu? Fór til Dublin með Mörtu og ferðaðist með fjölskyldunni um Vestfirði með tjaldvagn í eftirdragi.

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími:
511 1188



*Munið Minningarkort Kvenfélagsins Seltjarnar
Til styrktar kirkjusjóvi Seltjarnarneskirkju
Þau fást á Býjarskrifstofu Seltjarnarness
Austurströnd 2 - Sími: 595-9100*

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996

Vaktsímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is • Allan sólarhringinn



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNsla

Guerlain kynning 12. mars



20%
*kynningarafsláttur
af öllum vörum
laugardaginn
12. mars
frá kl. 11-17.*

- Sérfræðingar frá Guerlain á staðnum.
- Förðun í boði.
- Veitingar frá Jóa Fel.

GUERLAIN KYNNING

Leila boutique
Eiðistorgi 2 hæð
sími 5512323

Laufey Birkisdóttir
Snyrti, förðunar- og nuddfræðingur

Dermatude

- húðmeðferð

Nouveau Contour

- varanlegt augn, vara- og augabrúnameðferðir

Epilast

- háreyðing

Allar almennar snyrtimeðferðir - Clarins vörur

Ég tek vel á móti ykkur, hlý og persónuleg þjónusta